

**Frá réttindamálanefnd**

**Ályktun um útgáfu leyfisbréfa fyrir erlenda ríkisborgara**

Þriðji aðalfundur Félags grunnskólakennara er sammála um að óráðlegt sé að takmarka útgáfu leyfisbréfa til ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hefur viðurkennda menntun og prófskírteini frá heimalandi sínu. Hins vegar telur nefndin nauðsynlegt að krafist sé ákveðinnar kunnáttu í íslensku eigi að ráða kennara, sem þannig háttar um, til starfa í grunnskóla. Það sé gert til að viðkomandi geti tekið þátt í faglegri uppbyggingu skólastarfs til jafns við aðra kennara.